



UMHVERFISNEFND HRUNAMANNAHREPPS

10. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 6. maí 2024 kl. 17:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Ragnheiður Georgsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason, Gunnþór Guðfinnsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður setti fund og óskaði eftir athugasemduum við fundarboð. Engar athugasemdir bárust. Hér var gengið til dagskrár.

1. Umhverfisverðlaun/Umhverfishrós 2024.

Árlega eru veitt umhverfisverðlaun og umhverfishrós við hátíðarhöldin á þjóðhátíðardaginn. Samþykkt að óska eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna og umhverfishróss.

2. Lækjargarðurinn.

Lagðar fram upplýsingar um samráðsfund sem haldinn var með aðstandendum Lækjargarðsins. Samþykkt að vinna áfram að uppbyggingu í garðinum.

3. Rusladagurinn 2024.


Farið yfir dagskrá Rusladagsins 2024 sem haldinn verður 10.maí nk. Vonast nefndin til að þátttaka íbúa verði með besta móti í deginum.

4. Erindi frá Landi og skógum þar sem óskað er eftir ábendingum sem nýst geta við vinnu við að móta tillögur að endurskoðuðu stuðningskerfi í skógrækt og landgræðslu.

Erindinu var vísað til nefndarinnar af sveitarstjórn. Í erindinu kallar stofnunin eftir ábendingum sem nýst geta við vinnu við að móta tillögur að endurskoðuðu stuðningskerfi, en markmiðið er að til verði tillaga að heildstæðu stuðningskerfi málafloksins innan stofnunarinnar sem jafnframt styður við stefnu stjórnvalda á sviði loftslagsmála, verndunar líffræðilegrar fjölbreytni og byggðamála.

Stuðningskerfin sem um ræðir eiga að efla þátttöku einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana í landgræðslu og skógrækt, meðal annars í samræmi við opinberar stefnur í umhverfismálum, loftslagsmálum, landbúnaði og atvinnumálum. Einnig leitar Land og skógur eftir viðhorfi sveitarfélaga til verkefna þar sem áætlað er að gróðursetja birkiplöntur vegna Bonn-áskorunarnar.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps vill koma þeim ábendingum til stofnunar Lands og Skóga að stutt verði vel við landgræðslu og skógrækt enda er sú vinna oft á tíðum



unnin af sjálfboðaliðum og félagasamtökum sem leggja fram sína vinnu til hagsbóta fyrir land og þjóð.

Varðandi Bonn áskorunina þá veit nefndin ekki til þess að verkefni af þeim toga sé í gangi eða í farvatninu en hvetur sveitarstjórn til að taka vel í erindi berist þau frá landeigendum.

5. Lagður fram samningur frá Landi og skóginum um afhendingu og upprif landgræðslugirðingar á Hrunamannafrétti.

Lagður fram samningur frá Landi og Skóginum þar sem fram kemur að stofnunin hyggst fjarlægja landgræðslugirðinguna á Hrunamannafrétti og hætta afskiptum af henni. Formaður átti fund, ásamt oddvita og fulltrúa Landgræðslufélags Hrunamannhrepps, með fulltrúum Lands og Skóga varðandi samninginn og fyrirætlanir stofnunarinnar. Góður fundur þar sem farið var yfir málið. Í framhaldi af honum var sendur uppfærður samningur sem liggur nú fyrir nefndinni.

Umhverfisnefnd fagnar því að gróðurfar innan landgræðslugirðingar á Hrunamannafrétti sé orðið það gott að stofnunin Land og Skógar telji óhætt að taka upp girðinguna sem lokar svæðið af.

Nefndin hefur þó áhyggjur af því að þær birkiplöntur sem nýlega hefur verið plantað innan girðingar geti orðið fyrir hnijaski njóti þær ekki verndar girðingar.

Nefndin veltir fyrir sér að meðan Ísland er þáttakandi í Bonn áskoruninni hvort ekki eigi frekar að leggja áherslu á að styrkja girðinguna og planta fleiri birkiplöntum innan girðingar frekar en að fjarlægja hana enda myndi slíkt falla vel að markmiðum BONN áskorunarnar.

Nefndin vill einnig minna á hið góða umhverfisverkefni, Seyruverkefnið, sem notið hefur góðs samstarfs við Landgræðsluna og nýtt landgræðslugirðinguna til afsetningar seyru með góðum árangri. Njóti girðingarinnar ekki lengur við þarf augljóslega að finna annað, jafngott, svæði til dreifingar sem sátt ríkir um. Nefndin hvetur alla aðila til að hafa þetta í huga við áframhaldandi vinnu við samningsgerðina.

Halldóra Hjörleifsdóttur
Ragnheiður Georgsd.
Bjarni Árni Hjálkason

Gunnar G. Gunnarsson

Alfi Raphelson

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18:24
Fundarritari Halldóra Hjörleifsdóttir